

Síldarvinnslan hf. á Neskaupstað
Hafþór Eiríksson
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 1. september 2021
UST202102-441/gf
08.10.02

**Varðar þrýstiprófanir á lýsislögn (útskipunarlögn) hjá fiskimjölsverksmiðju
Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað.**

Umhverfisstofnun barst þann 1. september sl. niðurstöður þrýstiprófana á útskipunarlögn fyrir lýsi í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað. Mælingarnar voru framkvæmdar 10. júní sl. en færa þurfti lögnina vegna framkvæmda á lóð rekstraraðila. Lögnin var prófuð frá mengunarvarnarþró við geyma að tengibrunni á bryggju.

Lýsislögnin er 6 tommu lögn og prófunarþrýstingur var 12 bar. Prófað var með vatni. Þrýstingur stóð á lögninni í 4 tíma og féll ekki á prófunartímanum.

Starfsmaður Teknís ehf. framkvæmdi mælinguna og var hún yfirfarin af fulltrúa Mannvit hf. á Austurlandi. Meðfylgjandi niðurstöður sýna að lögnin stóðust þrýstingsprófun.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögninni.

Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíu- og lýsislagnir á að a.m.k. 5 ára fresti í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllt,

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarasdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis